



NOVUS HABITAT

REAL ESTATE

Dreymir þig um áhyggjulaust líf við Miðjarðarhafið
þar sem sólin og hlý golan leikur við þig ?
Leyfðu okkur að aðstoða við að láta drauminn rætast



VIÐ

Novus Habitat býður upp á heildarlausn fyrir fólk sem er að hugsa um að kaupa fasteign á Spáni. Við sérhæfum okkur í sölu á nýbyggingum við suðausturströnd Spánar og Tenerife og erum með eignir frá öllum helstu byggingarfyrirtækjum á svæðinu. Við leggjum fyrst og fremst áherslu á þjónustu við kaupendur okkar, eftirfylgni og það sem þarf að sinna eftir sölu. Við erum hér fyrir þig!

SKOÐUNARFERÐIR MEÐ NOVUS HABITAT

Starfsmaður Novus Habitat sækir þig á flugvöll Alicante og fer með þig þangað sem þú munt dvelja á meðan á skoðunarferð stendur.

Við skipuleggjum ferðina út frá þínum óskum, skoðum eignir sem gætu hentað þér og svæði sem gætu fallið í kramið, spjöllum og fræðumst um fjölbreytta valkosti þar til við finnum réttu eignina fyrir þig.

Novus Habitat er með skrifstofu og sölumenn á Tenerife og við getum því aðstoðað við að uppfylla drauminn um að eignast fasteign á eyjunni fögru.

*Verði af kaupum fasteignar hjá Novus Habitat endurgreiðum við flugið og gistinguna.

Til að byrja með þarf að hafa samband við sölumann Novus Habitat fasteignasölu í síma eða með tölvupósti og í sameiningu er fundin út dagsetning sem hentar að koma til Alicante í skoðunarferð. Þú sérð svo um að bóka og greiða fyrir flugið en við finnum fyrir þig gistingu sem kostar:

300€ FYRIR 3 DAGA / 500€ FYRIR 5 DAGA / 700€ FYRIR 7 DAGA

HÉR FYRIR ÞIG!

TENERIFE

Novus Habitat er með skrifstofu og sölumenn á Tenerife og við getum því aðstoðað við að uppfylla drauminn um að eignast fasteign á eyjunni fögru. Best er að hafa samband á info@novushabitat.es til að fá nánari upplýsingar.

KOSTIR NOVUS HABITAT

Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð við afhendingu fasteignar. Áður en afhending fer fram, skoðar gæðastjóri Novus Habitat eignina og fer yfir öll frágangsmál með byggingaraðila, til þess að tryggja að eignin sé gallalaus og standist gæðakröfur.

Til þess að forðast flækjustig, sér Novus Habitat um samskiptin við byggingaraðilann fyrir þig. Viðskiptavinir okkar fara sjálfkrafa í vildarklúbb Novus Habitat. Þeir njóta sértílbóta í húsgagna- og tækjaverslunum til þess að fullkomna heimilið. Viðskiptavinir geta einnig óskað eftir auka eftirsölu þjónustu sem felst meðal annars í því að fá aðstoð við innanhúshönnun, allt eftir óskum hvers og eins.

LEIGA NOVUS HABITAT

Novus Rentals býður upp á aðstoð við þá viðskiptavini okkar sem vilja leigja út eignir sínar.

EFTIRSÖLUBJÓNUSTA NOVUS HABITAT

Novus Habitat aðstoðar við allt sem á þarf að halda við kaupferli og afhendingu. Við komum þér í samband við lögmann og endurskoðanda, þú færð aðstoð við að sækja um NIE númer, opna bankareikning, skila skattframtali, skrá lögheimili, skrá börn í skóla og íþróttir, sækja um lækniþjónustu, gera erfðaskrá og fleira og fleira.

EIGNIR NOVUS HABITAT


Þrátt fyrir að sérhæfa okkur í nýbyggingum, þá erum við einnig með úrval endursölueigna.

Við tryggjum að við þekkjum vel þær eignir sem við erum að selja og ekki síst byggingaraðilann á bak við eignina. Við leggjum mikla áherslu á að þekkja svæðin þar sem eignirnar okkar eru. Stór hluti þjónustunnar er að fá að kynnst hverfunum vel og vita hvað hvert svæði hefur uppá að bjóða. Að okkar mati skiptir staðsetningin jafn miklu máli og eignin sjálf. Við teljum þess vegna mikilvægt að kynnst viðskiptavinum okkar vel til þess að finna eign sem hentar lífstíl hvers og eins.



SANTA ROSALÍA





Santa Rosalía er nýtt Resort, staðsett er í Murcia-héraði, aðeins 4 km frá fallegum ströndum Mar Menor og Miðjarðarhafsins.

Hverfið er lokað og með öryggisgæslu og byggt upp í kringum glæsilegt kristaltært lón og hvítar sandstrendur með strandklúbbi og aðstöðu til vatnaíþróttar. Umhverfis lónið er enn fremur feykistórt grænt svæði þar sem finna má aðstöðu til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar, gönguleiðir og svæði til almennrar útivistar.

Þar má finna allar mögulegar tegundir eigna, allar í göngufæri við vatnið sjálft og verslanakjarna sem liggja mun rétt utan við sjálft hverfið. Í næsta nágrenni má einnig finna golfvelli og spænska bæi, eins og Los Alcázares sem nálgast má á innan við 5 mínútum með bíl.

Fullkominn og hrífandi staður til að slaka á og njóta lífssins!

LA SERENA GOLF LOS ALCÁZARES



Nýr kjarni með íbúðum og einbýlishúsum á La Serena golfvöllinum í Los Alcázares við strendur Murcia. La Serena býður upp á 18 holu golfvöll með glæsilegu klúbbhúsi, pro-verslun og veitingastað með útsýni yfir golfvöllinn og Mar Menor. Bærinn Los Alcázares býður upp á mikið úrval daglegra nauðsynja, eins og matvöruverslanir, bari og veitingastaði, banka, apótek, skóla og heilsugæslu. Svæðið býður einnig upp á fleiri golfvelli og fjölbreytta útivist, til að mynda göngu- og hjólaleiðir, siglingar eða köfun við fallegu Mar Menor strendurnar. Frábært vegakerfi gerir það kleift að komast til Murcia-flugvallar á 30 mínútum og Alicante-flugvallar á rúmri klukkustund.



TORREVIEJA






Einstakur kjarni í ört vaxandi íbúðahverfi í Torrevieja. Íbúðakjarninn er innan við 3 km frá stórbrotnum ströndum La Mata og Torrevieja og aðeins 5 mínútur frá stóru verslunarsvæði, þar á meðal Habaneras verslunarmiðstöðinni, Carrefour stórmarkaðnum og fjölmörgum veitingastöðum. Fyrir íþróttaáhugamenn er hin glæsilega íþróttahöll Torrevieja í aðeins 500m fjarlægð frá samstæðunni, með fótbolta- og fjölíþröttavöllum, tennis- og padel völlum og innisundlaug. Íbúðakjarninn er hannaður eins og lítið 20.000 m² þorp, en þar af eru 15.000 m² tileinkaðir sameiginlegum svæðum. Kjarninn verður byggður í áföngum og í hverjum áfanga er stór sundlaug í strandarstíl fyrir fullorðna og önnur fyrir börn, nuddpottur og falleg garðsvæði með Miðjarðarhafsplöntum og göngu- og hjólastígum. Þá verða barnaleikvelli, petanque vellir og bílastæði bæði í bílakjallara og undir berum himni.

Kjarninn býður upp á eignir með mismunandi skipulagi. Íbúðir í fjölbýli á tveimur eða þremur hæðum með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum og af mismunandi gerðum; jarðhæðir með einkagarði, miðhæðir með stórri verönd og þakíbúðir með þakverönd. Allar íbúðirnar eru með rúmgóðri opinni stofu sem sameinar setustofu, borðstofu og eldhús með stórum gluggum sem opnast út á verönd. Þessar íbúðir eru með loftræstikerfi, gólfhita á baðherbergjum, LED lýsingu á baðherbergjum og í eldhúsi, geymslu og sér bílastæði með foruppsetningu fyrir hleðslustöð fyrir rafbíla. Jarðhæðirnar eru með gervigrasi í gördunum og íbúðirnar á efstu hæð eru með útigrilli og útisturtu á þakveröndinni.

Kjarninn býður einnig upp á raðhús með 3 svefnherbergjum og 3 baðherbergjum, á tveimur hæðum auk þakverandar. Jarðhæðin er opin, með stórum gluggum út á útisvæði með stórri verönd og yfirbyggðu bílastæði. Á neðri hæð er svefnherbergi og baðherbergi. Önnur hæðin samanstendur af svefnherbergi, baðherbergi og hjónasvítu með sér baðherbergi, fataherbergi og verönd. Innri stiginn leiðir að þakvöndinni. Öll húsin eru með loftræstikerfi, handklæðaoefni og gólfhita á baðherbergjum, LED lýsingu á baðherbergjum og í eldhúsi, gervigrasi í garðinum, foruppsetningu fyrir nuddpott á þakveröndinni og bílastæði á lóð með foruppsetningu fyrir hleðslustöð fyrir rafbíla. Aukalega, og eftir gerð og byggingarstigi, er hægt að byggja sundlaug í garðinum.




COSTA CÁLIDA



Nýr kjarni einbýlishúsa, aðeins 900 metra frá hinum frábæru ströndum Los Alcázares – Costa Cálida. Bærinn uppfyllir allar daglegar þarfir og býður uppá matvöruverslanir, apótek, banka, fjölbreyttar verslanir, ölhús og veitingastaði. Ásamt því er frábært úrval íþrótta- og tómstundastarfa, svo sem siglingar og köfun í snekkjuklúbbnum og fjölbreyttar göngu- og hjólaleiðir. Nærliggjandi golfvelli eru La Serena og Roda Golf. Tilvalinn staður fyrir sumarleyfisdvöl eða varanlega búsetu.


Nútímaleg tveggja hæða einbýlishús með 3 svefnherbergjum og 2 baðherbergjum ásamt þakverönd.



CIUDAD QUESADA



Glæsileg eins og tveggja hæða einbýlishús á 530 m² lóðum. Húsin eru með nútímalegri hönnun og staðsett í Ciudad Quesada. Í boði eru mismunandi gerðir einbýlishúsa sem má sérsníða á allan mögulegan hátt.



CALPE





Nýr íbúðakjarni með raðhúsum, aðeins 1 km frá ströndinni í Calpe, Costa Blanca norður.



Nútímaleg raðhús á tveimur hæðum með 3 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum og þakverönd.



Borgin Calpe býður upp á öll þægindi sem nauðsynleg eru fyrir daglegt líf, með úrvali verslana og veitingastaða, auk margs konar útivistarmöguleika en þar má nefna siglingar, gönguferðir og golf. Nágrannaborgirnar Moraira og Benidorm eru í aðeins 20 og 30 mínútna fjarlægð hvor um sig og bæta við þetta úrval með skemmtigörðum, verslunarmiðstöðvum og fallegu Moraira smábátahöfninni og snekkjuklúbbnum. AP-7 hraðbrautin tengir allt Costa Blanca svæðið, sem gerir það mögulegt að komast á flugvöllinn í Alicante á einni klukkustund.





FINESTRAT

Fallegur kjarni einbýlishúsa með sjávarútsýni í Finestrat.



Kjarninn býður upp á einstök einbýlishús með 3 svefnherbergjum, öll með baðherbergi innaf, byggð á lóðum sem eru 468–622 m² og eru fáanleg í þremur mismunandi útgáfum.



Svæðið er fullkomlega staðsett, í nálægð við mikið úrval daglegrar þjónustu og þæginda, til dæmis hina frábæru La Marina verslunarmiðstöð. Borgin Benidorm og fallegar strendur eru í stuttri akstursfjarlægð frá hverfinu en þar má finna fjölbreytt úrval af skemmtun, matargerðarlist, menningu og tómstundum. Frábært vegakerfi gerir það auðvelt að komast til annarra ferðamannastaða, eins og Altea og Alicante, sem og til flugvallarins í Alicante sem er í aðeins 40 mínútna fjarlægð með bíl.

TENERIFE



Nýr 47 íbúða kjarni með 2ja og 3ja svefnherbergja íbúðum.

Kjarninn er staðsettur í Playa San Juan, Tenerife og einungis 150 m frá ströndinni. Svæðið er að verða mjög eftirsótt vegna kyrrðar, nálægðar við sjó og allrar helstu þjónustu sem er í göngufæri og gerir þessar íbúðir að tryggri fjárfestingu.



TENERIFE

PLAYA DE SAN JUAN




Glæsilegur kjarni með nútímalegum 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðum, staðsettar á hinu eftirsóttu svæði Playa San Juan.



Solum er staðsett einungis 35 metrum frá sjónum, með töfrandi og víðáttumiklu útsýni yfir Atlantshafið og eyjuna La Gomera. Aðeins nokkra metra frá göngusvæði sem liggur að miðju heilandí Playa San Juan þorpinu, með frábærum kaffi - og veitingahúsum.





Þó svo að Novus Habitat sérhæfi sig í sölu nýbygginga, erum við líka sterk á endursölu markaði. Skoðaðu endursölu úrvalið okkar hér.



NOVUS HABITAT
REAL ESTATE

[Heim](#)[Eignir ▾](#)[Viðburðir](#)[Um okkur](#)[Svæði ▾](#)[❤️ \(2\)](#)[Hafðu samband ↗](#)[Menu ≡](#)[ENDURSALA](#)[TILBÚÐ TIL AFHENDINGAR](#)

REF #RS-109-D · ÍBÚÐ

Rojales / Ciudad Quesada · Ciudad Quesada · Alicante

Stærð: 82 m² · Svefnherbergi: 2 · Baðherbergi: 2 · Sundlaug

Frá **299.000 €** ↗

[ENDURSALA](#)

REF #RS-085 · VILLA

San Pedro del Pinatar · Lo Pagan · Murcia

Stærð: 110 m² · Lóð: 300m² · Svefnherbergi: 3 · Baðherbergi: 2

~~369.000€~~ **329.000 €** ↗

COSTA BLANCA

COSTA CÁLIDA

Dénia

Benissa

Cumbre del sol



Altea

Benidorm

La Villa Joyosa



Campello

Alicante



Santa Pola

Guardamar



Benijófar

Torre Vieja

Cabo Roig



Murcia

San Pedro

Los Alcázares

Cartagena

La Manga

Islas Canarias



Tenerife



NOVUS HABITAT

REAL ESTATE

info@novushabitat.es

+34 604 400 511

